



**Skólanámskrá**  
**Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot**  
**Uppfærð febrúar 2020**



Vinátta – Gleði – Heilbrigði - Sköpun

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Leiðarljós.....	4
3.	Námsumhverfi .....	4
4.	Hugmyndafræði og uppeldissýn í Brimveri/Æskukoti .....	5
6.1	Heilsustefnan.....	5
6.2	Grænfáninn.....	5
6.3	Umhverfisstefna Brimvers/Æskukots.....	6
5.	Leikur og nám .....	7
6.	Lýðræði og jafnrétti.....	8
7.	Námssvið.....	9
7.1.	Læsi og samskipti.....	9
7.2.	Heilbrigði og vellíðan .....	10
7.3.	Sjálfbærni og vísindi .....	11
7.4.	Sköpun og menning.....	12
8.	Mat á námi og velferð barna.....	14
9.	Stoðþjónusta .....	16
10.	Fjölskyldan og leikskólinn .....	17
11.	Tengsl skólastiga.....	19
12.	Starfsmenn .....	20
13.	Mat á skólstarfi .....	21
14.	Áætlanir .....	22

# 1. Inngangur

Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot byggir skólstarfið á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög (Lög um leikskóla 2008, 1. gr.).

## **Markmið með uppeldi, umönnun og menntun.**

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a) að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b) að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c) að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d) að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e) að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f) að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta.

(Lög um leikskóla 2008, 2. gr.)

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og [Menntastefnu Árborgar](#). Skólanámskrá skal endurskoða reglulega og staðfest af nefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal kynnt foreldrum.

Starfsáætlun leikskólans er gerð fyrir hvert skólaár þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin fær umsögn foreldraráðs áður en nefnd kjörin af sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla (Lög um leikskóla 2008, 14. gr.).

Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun.

## 2. Leiðarljós

**Vinátta, gleði, heilbrigði og sköpun** eru leiðarljós Brimvers/Æskukots í leik og starfi og eiga að vísa veginn í mótun leikskólastarfsins.

Leikur er aðalnámsleið barna og því einkennandi fyrir leikskólastarfið. Áhersla er á vináttu, gleði, heilbrigði og sköpun þar sem nám barna fer fram í gegnum leik bæði inni og úti. Umhverfismennt er í gangi allt árið og frá apríl til október er aukin áhersla á útivist þar sem börnin njóta náttúru og umhverfis í leik og starfi.

## 3. Námsumhverfi

Heilsuleikskólinn Brimver hóf starfsemi sína 17. mars 1975. Heilsuleikskólinn Æskukot hóf starfsemi sína 1983 þá til húsa á Eyrarbraut 20 og þann 11. október 1987 flutti svo leikskólinn í núverandi húsnæði.

Brimver og Æskukot eru hvor um sig með tvær deildir, eina deild yngri barna og eina eldri barna. Samtals er leikskólinn fjöggra deilda leikskóli. Hver deild hefur tvö herbergi til afnota, sameiginlegan lítinn sal og sameiginlegt herbergi sem deildarnar skiptast á að nýta. Deildum og rýmum í Brimveri voru gefin nöfn eldri húsa á Eyrarbakka. Deildum og rýmum í Æskukoti voru gefin nöfn sem sótt voru í örnefni á Stokkseyri, mörg þeirra eru tengd fjörunni.

Haustið 2011 samþykkti fræðslunefnd sveitarfélagsins Árborgar að sameina leikskólana Æskukot á Stokkseyri og Brimver á Eyrarbakka undir eina stjórn. Markmið sameiningar Brimvers/Æskukots snéri að mótun leikskólastarfs sem byggir á traustum grunni þess faglega starfs sem unnið hefur verið í leikskólunum tveimur til margra ára. Þá er breytingin í takt við þær breytingar sem gerðar hafa verið í skipulagi grunnskólans en Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) er einnig með tvær starfsstöðvar undir einni stjórn.

Umhverfi leikskólans er fjölbreytt bæði með tilliti til náttúru, dýralífs og tækifæra til heimsóknna í söfn og stofnanir bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri. Lóðir leikskólans bjóða upp á fjölbreytt tækifæri fyrir hreyfingu og leiki. Umhverfi leikskólans býður upp á skemmtilegar og fjölbreyttar gönguferðir í þorpunum eða út í náttúruna þar sem gott er að læra um árstíðir, dýr og gróður. Víðsýnt er við ströndina þar sem sólarupprás og litir himins eru vel sýnilegir sem og farfuglar sem koma fyrst að ströndinni. Fjaran býður upp á mörg tækifæri til rannsókna, sköpunar, leikja og náms.

Efniviður til leikja inni og úti er margbreytilegur og þarf að höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri. Efniviður sem nýttur er eru: leikföng, spil, opinn efniviður og endurnýtanlegur.

## 4. Hugmyndafræði og uppeldissýn í Brimveri/Æskukoti

Leikskólastarf og leikskólanám byggir oftast á sérstakri hugmyndafræði sem er sótt í kenningar og rannsóknir hinna ýmsu fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Í leikskólanum Brimveri/Æskukoti byggir leikskólastarfið á hugmyndafræði [Heilsustefnunnar](#) og [Grænfánans](#). Einnig er hafin innleiðing á [Heilsueflandi leikskóli](#) sem er á vegum Embættis landlæknis sem er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans.

### 6.1 Heilsustefnan

Unnur Stefánsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi hafði frumkvæði að mótnun heilsustefnu fyrir leikskóla. Markmið stefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og mikla hreyfingu, þá sprettur fram þörf til að skapa. Urðarhóll sem áður hét Skólatröð var vígður sem fyrsti Heilsuleikskólinn á Íslandi 1. september 1996. Síðar tóku fleiri leikskólar upp heilsustefnuna og í nóvember 2005 voru stofnuð Samtök Heilsuleikskóla. Fyrsti formaður samtakanna var Unnur Stefánsdóttir.

Kennarar Urðarhóls sömdu og gáfu út *Heilsubók barnsins* og Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir leikskólakennari hannaði merki Heilsuleikskóla. Fáni með heilsumerkinu er sú viðurkenning sem leikskólarnir fá afhentan ásamt viðurkenningarskjali, þegar þeir hafa uppfyllt þau skilyrði sem Heilsuleikskóla ber að gera. Merki Heilsuleikskólans táknar „Heildin samofin þar sem barnið er í miðjunni umvafið áhersluþáttum heilsustefnunnar og leikskólaumhverfinu, sem vinna saman að því að þroska barnið“.

**Heilsubók barnsins** er gæðamatskvarði heilsuleikskóla og stuðlar að því að skólar nái settum markmiðum. Hún hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráð er m.a. heilsufar, hæð og þyngd, næring og sjálfhjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Skráningin skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor og er foreldrum boðið í viðtal í kjölfarið. Skráning í Heilsubók barnsins þau ár sem barnið tekur út mikinn þroska gefur þeim sem bera ábyrgð á velferð barnsins, þ.e.a.s. kennurum, foreldrum og skólastjórnendum, tækifæri til að bregðast við með viðeigandi hætti ef ástæða þykir til. Heilsubók barnsins er ákveðinn leiðarvísir þar sem barnið á að vera í brennidepli í skólastarfi og stuðlar að því að unnið sé í anda heilsustefnunnar (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2006).

### 6.2 Grænfáninn

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö. Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin eru bæði til kennslu í bekk og til að bæta daglegan rekstur skóla. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri. Verkefnið er tengt lífsleikninámi barnanna þar sem áherslur eru á þátttöku þeirra og ábyrgð með því að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum, umhverfi og náttúru [Landvernd](#)

Æskukot fékk Grænfánann fyrst 15. júní 2010. Skólinn náði því markmiði að fá að flagga Grænfánanum í fyrsta sinn á báðum starfsstöðvum 22. mars 2016 á Degi jarðar. Þetta var mikilvægt skref í sameiningu, samstarfi og ákveðinn árangur í skólastarfi. Við innleiðingu var lögð áhersla á þemað lýðheilsu sem fellur vel að heilsustefnunni. Brimver/Æskukot fékk fjórða fánan afhentan 21. júní 2018, unnið var með þemað lýðheilsa og úrgangur.

### 6.3 Umhverfisstefna Brimvers/Æskukots

Umhverfisstefna leikskólans hefur það að markmiði að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.

Með umhverfismennt viljum við hugsa vel um náttúru okkar, ganga vel um leikskólann, fara vel með efnivið, nýta það sem við getum og skila öðru í endurvinnslu. Við viljum læra um náttúru og umhverfi og hafa jákvæð áhrif á aðra. Á þennan hátt getum við haft áhrif á að þeir sem á eftir okkur koma, njóti þess í leik og starfi sem jörðin hefur upp á að bjóða. Þar sem við erum minnug þess að „Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar við höfum hana að láni frá börnum okkar“.

#### Umhverfisstefna Brimvers/Æskukots

Stefnan hér í leikskólanum, er sem segir hér  
Göngum vel um náttúruna  
virðum bæði tré og runna  
svo dýr og börn á jörðinni  
geti lengi leikið sér.

Matur, hreyfing skiptir máli, fyrir okkur öll.  
Hoppum, hlaupum, klifrum.  
Borðum matinn, biðjum  
að gæfa og gleði fylgi okkur  
fram tíðin er BJÖRT!

Texti: Ásgerður Tinna Jónsdóttir

## 5. Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök.

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Í leik geta börnin unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og aukna þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Námsvið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik. Leikskólakennarinn kynnir börnum nýja möguleika og skapar þannig sameiginlega reynslu sem nýtist í leik. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu síður mikilvægt og margþætt.

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa
- gefa leik nægan og samfelldan tíma
- gefa leik nægilegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að dýpka og þróa leik.
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni

*„Það er leikur að læra“*

## 6. Lýðræði og jafnrétti

Í leikskólanum Brimveri/Æskukoti er lögð áhersla á gildi og starfshætti sem styðja lýðræðislega samvinnu og skapar samfélag, þar sem leitað er eftir röddum sem flestra. Þessi áhersla nær til barnanna, foreldra og starfsmanna þ.e. samfélagsins sem starfar saman í leikskólanum.

**Lýðræði:** Felur í sér að einstaklingarnir taka afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélagið sitt og hafa áhrif nær og fjær. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismentunar og á heima í öllum námsgreinum. Nám í lýðræði og mannréttindum gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir vegg skóla jafnt sem innan þeirra, að leikskólinn geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgð og sjálfbært samfélag.

**Jafnrétti:** Felur í sér jafnréttismenntun sem á að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti ([Aðalnámskrá leikskóla](#))

Markmið:

- Að efla vináttu, umhyggju og gleði
- Að samskipti einkennist af kurteisi, virðingu, samkennd og umhyggju
- Að hvetja til sjálfstæði í leik og skipulögðu starfi
- Að styðja við samvinnu, hjálpssemi og samkennd
- Að gæta að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni
- Að allir hafi jafnan rétt
- Að hafa áhrif á leikskólastarfið

Leiðir:

- Í gegnum leik og daglegar athafnir eru samskipti æfð og lærð
- Starfsfólk kemur fram af umhyggju og virðingu og er meðvitað um áhrif sín sem fyrirmyndir í orðum, látbragði og gjörðum
- Hlustað á börnin og tekið tillit til skoðana þeirra og tilfinninga
- Umræður og lestur í litlum hópum
- Samvinna og samstarf við foreldra



## 7. Námsvið

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofinn öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Námsvið leikskólans eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Námsvið leikskólans eiga að:

- Vera hluti af leik barna
- Vera samþætt daglegu starfi í leikskóla
- Vera heildstæð og byggjast á reynslu barna
- Byggjast á áhuga barna og hugmyndum
- Taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms
- Vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna
- Hvetja til samvinnu og samstarfs
- Stuðla að sjálfstæði og frumkvæði
- Hvetja til ímyndunar og sköpunar
- Vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana
- Vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna
- Efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni
- Stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfþekkingu
- Stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði

### 7.1. Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Við erum alltaf að lesa, við lesum í umhverfi okkar, samskipti og upplifunin er ákveðið læsi. Upplifun fólks er mjög misjöfn í raun á öllu sem fyrir augu og eyru ber og allt er þetta læsi. Við upplifum t.d. ljósmyndir, málverk, leiksýningar, upplestra, kvikmyndir o.s. frv. á ólíkan hátt vegna þess að læsið, upplifunin er svo fjölbreytt.

Í Brimveri/Æskukoti er bæði ritmál og myndmál sýnilegt. Börnin sjá nöfnin og stafina sína víða eins og á skúffunni sinni og hólfinu í fataklefanum. Börnin eru fljót að þekkja sín tákni og sínar myndir þar sem slíkt er notað, stefnt er að því að nöfn barnanna verði táknuð með Lubbamyndum þar sem fyrsti stafurinn í nafni barnsins er táknaður með mynd t.d. allir sem byrja á A eiga táknið fyrir A.

Markmið:

- Að vinna með læsi í sinni víðustu mynd
- Að vinna með félagsfærni í öllu starfi skólans
- Að efla umræður um líðan, tilfinningar og reynslu í gegnum leik inni og úti
- Að lesa fyrir börnin alla daga og syngja
- Að tala vandað og fjölbreytt mál við börnin
- Að leggja áherslu á ritmálið
- Að vinna með athygli og hlustun

## Leiðir

- Lesa á hverjum degi í litlum hópum, leikir með þulur, vísur, kvæði og rím og atkvæði orða
- Styðja við og efla jákvæð samskipti við börnin, milli barna og mynda tengsl við þau í gegnum leik
- Samræður, koma hlutum, tilfinningum og aðgerðum í orð inni og í útivist
- Vinna með tilfinningar
- Vinir Zippýs vinna með tilfinningar og geðheilsu (elstu börn)
- Hafa merkingar á hlutum/leikföngum
- Nýta myndrænt skipulag
- Bækur sýnilegar og reglulegar bókasafnsferðir
- Hreyfing
- Frjáls leikur
- Söngur með fjölbreyttum söngtextum
- Bína bálreiða, myndir og tákn
- Tákn með tali
- Lubbi, lubbastundir og nýta Lubbatákn fyrir tákn barna
- Orðaspjall, Orðaskil, TRAS, Hljóm-2
- Grænfáninn, vettvangskennsla, útinám og útivist
- Vinna með ritmálið, nöfn barna og bókstafir sýnilegi í umhverfinu
- Gott aðgengi að skrifffærum og öðrum efnivið

## 7.2. Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði byggist á félagslegri, andlegri og líkamlegri vellíðan. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikskólum beri að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- umhyggju
- persónulega umhirðu
- holla næringu
- fjölbreytta hreyfingu
- ögrandi og krefjandi útivist
- slökun og hvíld
- tilfinningalegt jafnvægi
- jákvæð samskipti
- félagsleg tengsl

Heilbriggt líferni stuðlar að almennri vellíðan barnanna og styrkir sjálfsmynd þeirra. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskólanna og er mikilvægt að starfsfólk myndi góð og nán tengsl við börnin.

### Markmið

- að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti
- að börn fræðist um holla næringu og fái næringaríkan mat
- að efla hreyfingu og hreyfiþroska
- að vinna með geðheilbrigði og efla líkamsvitund sem stuðlar að vellíðan og gleði
- að börn læri persónulega umhirðu
- að börnin njóti hvíldar og slökunar

Leiðir:

- Hafa almennt hreinlæti að leiðarljósi og vera fyrirmynd fyrir börnin
- Þjóða upp á skipulagða hreyfingu og útvist þar sem leikir og æfingar styrkja þor og þrek
- Kenna börnum salernisvenjur og mikilvægi handþvottar – t.d. setja upp myndrænt skipulag um handþvott
- Kenna þeim t.d. skammtastærðir og sjálfshjálp við matarborðið
- Vettvangsferðir og fjöruferðir
- Vinir Zippys vinna með tilfinningar og geðheilsu, verkefni fyrir elstu börnin
- Vinna með bækurnar „Kroppurinn er kraftaverk“ og „Líkaminn minn“
- Grænánaverkefnið, lýðheilsa og umhverfismennt. Þar sem farið er yfir mikilvægi þess að ganga vel um umhverfi og náttúru m.a. vegna heilsu og líðan allra sem á jörðinni lifa
- Hafa dagskipulagið þannig að það henti vel barnahópnum
- Þjóða upp á daglegan svefn eða slökun
- Þjóða upp á heilsusamlegt og fjölbreytt fæði

### 7.3. *Sjálfbærni og vísindi*

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélaga, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.

Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun.

Börn kanna og ræða um samhengi hlutana og sjálfbærni í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að skapa skuli aðstæður í leikskólum svo börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:

- umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi
- hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun
- hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni
- margvíslegum auðlindum og nýtingu náttúrunnar
- upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga
- stærðfræðilegum viðgangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum
- lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra
- eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu
- eiginleikum ýmissa efna og hluta
- möguleikum og takmörkunum tækninnar
- rými, fjarlægðum og áttum

## Markmið

- Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa
- Kenna börnunum að koma vel fram við umhverfi og náttúru og nýta það sem við höfum

## Leiðir

- Að styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga
- Að vinna með börnunum í grænfánaverkefninu
- Að sýna börnunum bækur og myndir sem tilheyra heilbrigði og náttúru og umhverfi
- Að endurnýta efnivið til sköpunar og leikja með börnunum
- Að fara í vettvangsferðir með börnin út í náttúruna í öllum árstíðum og í fjölbreyttu veðri
- Að stuðla að góðri umgengni við náttúru, leikefni og húsnæði
- Að bjóða upp á daglega útivist

## 7.4. Sköpun og menning

Sköpun og menning eru mikilvægir þættir í skólastarfinu og tengjast leik barna, lýðræði, skapandi starfi, menningu og siðum. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín í leik og starfi. Börnin eiga að fá tækifæri til sköpunar með því að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

Mikilvægt er að nýta þau námstækifæri sem felast í umhverfi, samfélagi og menningu skólans. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum þar sem menning og sköpun fær notið sín.

Í Brimveri/Æskukoti læra börnin að skilja umhverfið sitt, hlusta, skoða og muna, þau kanna og skapa á sínum forsendum.

### Markmið:

- Að efla félagsþroska, fagurþroska, líkams- og hreyfiþroska, úthald og einbeitingu
- Að efla sköpunargleði hjá börnunum
- Að börnin fái að kynnst fjölbreytileika sköpunar
- Að börnin fái að njóta sín á sínum forsendum
- Að börnin fái að vinna með fjölbreytilegan efnivið
- Að börnin fái að kynnst sköpun náttúrunnar og nýtingu
- Að börnin þroski með sér sjálfstraust
- Að börnin kynnist umhverfi sínu, menningu og samfélagi
- Að börnin kynnist og taki þátt í hefðum og hátíðum
- Að börnin kynnist menningu og siðum annarra

Leiðir:

- Gönguferðir út í náttúruna, skoða og nýta efnivið úr umhverfinu t.d. fjöru
- Heimsóknir út í vinnustaði og stofnanir samfélagsins
- Samstarf við aðra skóla, gagnkvæmar heimsóknir nemenda
- Söngstundir og hlusta á fjölbreytta tónlist, leikrit og sögur
- Fjölbreytt og gott aðgengi af skapandi efnivið
- Þemavinna
- fá börnin til að tjá sig um listsköpun sína
- börnin setji upp söng- og leiksýningar t.d. við útskrift
- Þátttaka í viðburðum í samfélaginu t.d. Vor í Árborg
- Virðing borin fyrir verkum barnanna og þau gerð sýnileg í leikskólanum – myndlistasýningar/þemasýningar
- Þátttaka barna í hefðum, menningu og siðum leikskólans og í samfélaginu

*Upptekin börn sem eru full af sköpunargleði og sjálfsöryggi*

## 8. Mat á námi og velferð barna

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái menntun og þá þjónustu sem þeim ber, samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á leikskólastarfi skiptist í annars vegar innra mat, sem er framkvæmt innan leikskólans af starfsfólki, foreldrum og börnum. Hins vegar er það ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börnin eru að fást við og hafa áhuga á. Í Brimveri/Æskukoti er stuðst við *Heilsubók barnsins* sem matstæki. Hvert barn á sína heilsubók þar sem skráðar eru inn upplýsingar og færni barnsins. Hæð, þyngd, lífsleikni, næring, svefn, hreyfigeta, og listsköpun. Skráningar í heilsubókina fara fram tvisvar á ári. Að hausti og að vori af deildarstjórum í samráði við þá sem starfa með barninu. Foreldrar eru boðaðir í viðtal í kjölfar skráningarinnar. Þannig fá þeir tækifæri til að fylgjast með námi og þroska barnsins og stöðu þess.

- Heilsubók barnsins er einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn í leikskólanum þar eru staðlaðar aldursmiðaðar spurningar varðandi þá þætti sem verið er að skoða.
- Heilsubókin er leiðarvísir í leikskólastarfinu og eitt aðalmatstæki leikskólastarfsins í Brimver/Æskukoti.

Til viðbótar við heilsubók barnsins við mat á námi og velferð barna eru unnið eftir læsisstefnu Árborgar - *Lífið er læsi*. Þar koma fram leiðbeiningar, viðmið og matstæki sem eru leiðarvísir fyrir foreldra og kennara í leik- og grunnskólum Árborgar. Matstæki sem nýta á með nemendum til að skrá upplýsingar um þroska og nám eru:

### TRAS

- TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er fylltur út á sex mánaða fresti fyrir öll börn á því aldursbili í Brimveri/Æskukoti.
- Kannaðir eru eftirfarandi þættir: Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti, athygli/einbeiting, málskilningur, málvitund, framburður, orðaforði og setningarmyndun.

### Orðaskil

- Um áramót 2016 var ákveðið að fá foreldra í Árborg til að fylla út Orðaskil rétt áður en barnið verður þriggja ára.
- Orðaskil byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára.

### Hljóm-2

- Hljóm-2. Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna er lögð fyrir öll elstu börn leikskólans að hausti og unnið með nemendum út frá niðurstöðum þeirra.
- Prófið er í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum.
- Prófbættir eru: rím, samstöfur (atkvæði), samsett orð, hljóðgreining, orðhlutaeyðing og margræð orð.
- Niðurstöðum er skilað til grunnskólans sem börnin hefja nám í þannig er hægt að nýta niðurstöður á milli skólastiga til áframhaldandi vinnu með hvern nemanda.

Í [Læsisstefnu Árborgar Lífið er læsi](#) kemur fram að ef þörf er á íhlutun er hún metin út frá stöðu nemandans samkvæmt útkomu á matstækjum og athugun í aðstæðum sbr. *Orðaskil*, *TRAS* og *Hljóm-2*.

## Viðbrögð þegar um frávík er að ræða

Þegar niðurstöður úr athugunum/prófum, sem kynntar eru í kaflanum hér á undan, eru undir meðaltali er *Smábarnalistinn* eða *Íslenski þroskalistinn* lagður fyrir. Listarnir eru staðlaðir þroskalistar sem eiga að meta mál- og hreyfiþroska barna. Það fer eftir aldri barna hvor listinn er lagður fyrir og mæður svara listanum um getu barna sinna.

Sérkennslustjóri reiknar út niðurstöður út frá svörum mæðra sem gefa vísbendingar um þroskastöðu barnsins. Ef ástæða er til eru niðurstöður sendar til skólaþjónustu Árborgar. Í framhaldinu er tekin ákvörðun um inngrip, ef frávík koma í ljós er viðeigandi íhlutun sett af stað í samráði við foreldra.

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir viðkomandi barn þar sem árangur er metin reglulega og myndað er teymi í kringum málefni barnsins. Það fer eftir eðli frávíka hverju sinni hverjir eru í teymi barnsins með foreldrum, deildarstjóra og sérkennslustjóra. AEPS matskerfið er notað í einhverjum tilvikum þegar verið er að skipuleggja inngrip og meta stöðu barns.

Þegar sækja þarf um þjónustu til Skólaþjónustu Árborgar er unnið eftir ákveðnum [verkferlum](#) sem sérkennslustjóri sér um fyrir leikskólann.

### Íslenski þroskalistinn

- Listinn er ætlaður fyrir þriggja til sex ára börn.
- Mæður barnanna svara listanum um getu þeirra á mál- og hreyfisviði.
- Prófbættir eru: Málþáttur (hlustun, tal og nám), hreyfiþáttur (grófhreyfingar, skynhreyfingar og sjálfsbjörg).

### Smábarnalistinn

- Smábarnalistanum er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska 15 mánaða til 38 mánaða barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra.
- Mæður svara stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna á þeim tíma þegar listinn er fylltur út.
- Listinn getur komið að góðum notum við rækilegt þroskamat á barni og við reglubundið mat á þroska barns.

### AEPS

*AEPS-matskerfið* (e. Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) er hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagfólks við gerð markmiða og sérstakur matslisti fyrir foreldra fylgir. AEPS-matskerfið nýtist til að meta færni barna á sex þroskasviðum: Fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili. Sérkennslustjóri eða deildarstjóri leggja listann fyrir og nýta niðurstöður við gerð einstaklingsnámskrár og skipuleggja íhlutun í framhaldinu sem farið er yfir með foreldrum á teymisfundum. (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. AEPS, færnimiðað matskerfi, 2014).

## 9. Stoðþjónusta

Í lögum um leikskóla segir að á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Það er á hendi sveitarfélaga að ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en þau skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan skólanna. Í lögum um leikskóla segir einnig að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun að mati viðurkenndra greiningaraðila eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans.

Skólaþjónusta Árborgar sér um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla. Leiðarljós skólaþjónustunnar er að þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks. Þjónustan fer að mestu fram í skólunum en starfsfólkið hefur skrifstofu- og fundaraðstöðu í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2 (sími 480 1900 – netfang: [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is)). Áhersla er lögð á samstarf sem flestra fagaðila sem koma að þjónustunni í Sveitarfélaginu Árborg. Skólastjóri leik- og grunnskóla ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd skólaþjónustu hvers skóla. Fræðsluyfirvöld (sviðsstjóri og fræðslunefnd) eru eftirlitsaðilar og fjalla um málefni skólaþjónustunnar á fundum fræðslunefndar.

Undir stoðkerfi leikskólans fellur:

- sérkennsla eða stuðningur
- sálfræðiþjónusta
- talkennsla og talþjálfun
- iðjuþjálfun
- sjúkrapjálfun
- heilsugæsla (t.d. 4 ára skoðun)

### Barnavernd

Barnaverndarstarfsmenn Árborgar starfa í umboði barnaverndarnefndar. Í barnavernd er unnið eftir barnaverndarlögum nr. 80/2002. Markmið barnaverndarlaga er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Það er því hlutverk barnaverndar að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu. Tilkynning til barnaverndaryfirvalda er ekki kæra heldur beiðni um aðstoð fyrir viðkomandi barn/fjölskyldu, sem sá sem tilkynnir telur að þurfi aðstoð. Sjá [hér](#). (Sveitarfélagið Árborg, Barnavernd). Sjá [hér](#) verklag Barnaverndarstofu.

Sjá [Verklag leikskólans vegna barnaverndarmála](#)

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands** samstarf er milli leikskóla Árborgar og ungbarnaeftirlits HSU. Ef grunur vaknar í 2 ½ árs skoðun um frávík hefur heilsugæslan samband við sérkennslustjóra og óskar eftir upplýsingum frá leikskóla. Unnið er eftir ákveðnum verkferlum.

Á vef Embætti landlæknis er fróðleikur sem gott er að skoða vel. Sjá [hér](#)

**Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins** kemur að ráðgjöf til leikskóla og foreldra barna sem falla undir viðmið þeirrar þjónustu sem þar er veitt. Sjá [hér](#)

**Þroska- og hegðunarstöð** kemur að ráðgjöf til leikskóla og foreldra barna sem falla undir viðmið þeirrar þjónustu sem þar er veitt. Sjá [hér](#)

**Heyrnar- og talmeinstöð** veitir víðtæka þjónustu á landsvísu á sviði heyrnar- og talmeina fyrir börn, fullorðna og fjölskyldur þeirra, án tillits til stigs heyrnarskerðingar eða talmeina. Sjá [hér](#)



## 10. Fjölskyldan og leikskólinn

Við upphaf leikskólagöngunnar er hornsteinn lagður að samstarfi foreldra og leikskóla. Foreldrum gefst tækifæri til að kynna starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans. Þeir miðla upplýsingum um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið og fá til baka upplýsingar frá leikskólanum. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Framlag foreldra er mikils metið og litið er á þá sem mikilvæga samstarfsaðila.

Aðalmarkmið foreldrasamstarfsins er að eiga traust og opin samskipti við alla foreldra, að foreldrar finni að þeir eru alltaf velkomnir með börnin sín í leikskólann og geti talað við starfsfólk um málefni barnsins og það sem getur haft áhrif á líðan þess. Einnig að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum. Lögð er áhersla á trúnað og traust og opin dagleg samskipti við alla foreldra.

Markmið og áherslur Brimvers/Æskukots eru:

- Að huga að velferð barnanna og hafa hana að leiðarljósi
- Að eiga góð samskipti og samvinnu við foreldra
- Að upplýsingaflæði milli skóla og heimila sé gott
- Að skapa traust milli foreldra og skóla
- Að stuðla að þátttöku foreldra í skólastarfinu

Leiðir að markmiðum eru bæði í gegnum dagleg- og formleg samskipti.

**Dagleg samskipti** við foreldra eru dýrmæt í starfi skólans. Dagleg samskipti eiga að einkennast af ánægju og vilja til samvinnu og samstarfs. Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann, mikilvægt er að sá tími sé nýttur til samskipta. Í daglegum samskiptum þegar komið er með barnið og það sótt, er lögð áhersla á að taka vel á móti því og foreldrum og kveðja í lok dags.

- Við bjóðum góðan daginn alla daga
- Heilsum barni með nafni
- Í lok dags er barnið kvatt og þakkað fyrir daginn
- Foreldrum stendur ávallt til boða að fá viðtalstíma við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra þegar þeir óska eftir því

**Formleg samskipti:**

- **Kynningarfundur** með foreldrum nýrra barna
- **Foreldraviðtal** við upphaf leikskólavalar
- **Kynningarfundir/foreldrafundir** eru haldnir að hausti fyrir foreldra á báðum starfsstöðum í Æskukoti og Brimveri. Þar sem skólastarfið er kynnt og foreldrar fá kynningarbækling, skóladagatal og dagsskipulag deilda.
- **Foreldraviðtöl** eru tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn. Skráningar í Heilsubók barnsins eru gerðar í október og mars og eru foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar þar sem foreldrar hitta deildarstjóra og/eða sérkennslustjóra.
- **Fréttir/tilkynningar** eru ýmist settar á heimasíðu leikskólans, á tilkynningartöflur deilda og/eða sendar með tölvupósti
- **Tölvusamskipti**
- **Opið hús** – fjölskyldukaffi – tengt þemastarfi – myndlistasýning
- **Jólaball** – haldið í Barnaskólanum á Stokkseyri. Jólaball fyrir alla í Brimveri/Æskukoti þar sem foreldrar, afi, amma og systkini eru velkomin. Haldið kl. 15-16 á leikskóladegi í desember. Gert er ráð fyrir að foreldrar fylgi sínu barni/börnum á jólaballið. Jólaballið er haldið í góðri samvinnu við nemendur og starfsfólk Barnaskólans.
- **Vorhátíð**
- **Útskrift elstu barna**

- **Heimasíða** leikskólans: <http://strondin.arborg.is/>
- **Foreldrafélag leikskólans** allir foreldrar eru í foreldrafélagi leikskólans. Foreldrafélagið starfar sem traustur bakhjarl leikskólans, markmið þess er að efla samstarf heimila og leikskóla. Foreldrafélagið hefur staðið að aðventuhátíðum, jólaföndri, páskaeggjaleit, gefið nemendum útskriftargjafir og boðið upp á leiksýningar. Foreldrafélagið tekur þátt í skipulagningu vorhátíða og hefur boðið upp á rútuferðir. Foreldrafélagið hefur gert eigin starfsáætlun sem er birt í starfsáætlun leikskólans og tekur þátt í vinnu við gerð skóladaðagsins. Aðalfundur er haldin í maí ár hvert.
- **Foreldraráð** er lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur varðandi innihald, áherslur og skipulag skólastarfsins. Góð samvinna er með foreldraráðinu sem fundar reglulega yfir skólaárið með leikskólastjóra. Foreldraráð setur sér starfsreglur og eru fundargerðir sendar fræðslunefnd.

Hlutverk foreldraráðs:

- Fjallar um og gefur umsögn til leikskólans og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið
- Fylgist með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum
- Kemur á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og skólanefndar
- Starfar með skólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans

## 11. Tengsl skólastiga

Leikskólinn Brimver/Æskukot hefur verið í samstarfi við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES). Verkefnið hefur fengið nafnið Brúum bilið. Samstarfið byggist á gagnkvæmum heimsóknnum barna í fyrsta bekk grunnskólans í leikskólann og elstu barna leikskólans í grunnskólann. Á vorönn ár hvert er vorskóli fyrir elstu nemendur leikskólans í þrjá daga, þá daga mæta þeir í BES á fyrsta degi með foreldrum og næstu tvo daga með kennurum sínum frá leikskólanum.

Markmið:

- Að skapa sem best tengsl skólastiganna og ná samfellu í námi barnanna
- Nemendur frá Brimveri og Æskukoti nái að kynnast um leið og þau hittast í skólanum, efla félagstengsl og vináttu
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast á milli skólastiga
- Stuðla að því að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi

Umhverfi og starfshættir skólastiganna eru ólíkir og því mikilvægt að undirbúa börnin eins vel og hægt er. Reynslan hefur sýnt að góð samvinna og tengsl skólastiga veita börnunum öryggi á þessum tímamótum og því er lögð áhersla á að efla samstarf skólastiganna. Góð samvinna hefur verið á milli leikskólans og Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) og hafa verið skipulagðar heimsóknir og ferðir á milli skólanna þar sem þrír elstu árgangar leikskólans taka þátt í hverju sinni. *Áætlun um samstarf Brimvers/Æskukots og Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri* má sjá [hér](#).

### Barnabær/þemadagar

Að vori leggur [Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri](#) niður hefðbundin störf síðustu vikuna á skólaárinu og við tekur þemaverkefni, annað hvert ár er verkefni sem ber heitið Barnabær og hitt árið eru þemadagar.

## 12. Starfsmenn

Í [lögum um leikskóla](#) kemur fram að starfsfólk leikskóla skuli rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Jafnframt að starfsfólk skuli gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

[Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019](#). Markmið laganna er að tryggja að þeir sem sinna uppeldis-, kennslu- og stjórnunarstörfum í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun og hæfni í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.

Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsiddóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Allt starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu samkvæmt lögum og fyrirmælum yfirmanna. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.

### **Móttökuáætlun starfsmanna**

Með móttökuáætlun nýrra starfsmanna í Brimveri/Æskukoti er verið að gera leiðsögn nýrra starfsmanna markvissari og stuðla með því að aukinni þekkingu starfsmanna sem leiðir til öryggis og ánægju í starfi. Það er mikilvægt að nýr starfsmaður fái góða og markvissa leiðsögn, hvatningu og stuðning í starfi því þannig er líklegra að honum vegni betur í starfi sem fagmaður og stuðlar þannig að framþróun í skólustarfinu ([Móttökuáætlun Brimvers/Æskukots](#) ).

## 13. Mat á skólastarfi

Í 18. gr laga um leikskóla nr.90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Sveitarfélög eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi samkvæmt 19. gr. laga.

Markmið með mati á leikskólastarfi er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Einnig er innra mati ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Matið á einnig að veita skólasamfélaginu og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið. Þær upplýsingar sem þar fást eru settar fram í starfsáætlun sem leikskólastjóri skilar til fræðslunefndar. Þar sem skólastarfið er fjölbreytt er ekki hægt að meta alla þætti þess í einu. Mikilvægt er að gerð sé matsáætlun fram í tímann til að tryggja að matið nái til allra þátta skólastarfsins og endurmeta þá áætlun árlega þar sem oft koma upp brýn málefni sem þarf að taka fyrir.

Margar góðar leiðir eru til að meta skólastarfið má þar nefna: starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl, spurningalistar til foreldra, starfsfólks og barna. Niðurstöður og umbótaáætlun birtist síðan á heimasíðu leikskólanna.

### **Innra mat**

Mat á starfi skólans fer fram með fjölbreyttum hætti. Foreldrar eru boðaðir í viðtal tvisvar á ári í kjölfar skráningar í Heilsubók barnsins, þar fá foreldrar upplýsingar um barnið, skólastarfið og leitað er eftir álitum þeirra á skólastarfinu. Ákveðið mat fer fram á deildarstjórafundum, deildarfundum, starfsmannafundum, skipulagsdögum og árlegum starfsþróunarviðtölum. Foreldra- og starfsmannakönnun eru gerðar samkvæmt matsáætlun skólans.

**Ytra mat** getur verið unnið af sveitarfélaginu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða annarra aðila. Í Árborg er miðað við að spurningalistar séu sendir til foreldra annað hvert ár þar sem þeir eru beðnir um að leggja mat á starfið. Þegar ytra mat er gert af mennta- og menningarmálaráðuneytinu þá byggir það á fjölbreyttum gögnum. Þar má meðal annars nefna niðurstöður úr innra mati sem og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum.

**Umbótaáætlun** er unnin af starfsmönnum í kjölfar þar sem lagt er mat á niðurstöðurnar og áætlun gerð um framhaldið sem gerð er skil í árlegri starfsáætlun skólans.

## 14. Áætlanir

Almennri áætlanagerð í skólum er ætlað að skipuleggja ytri ramma skólastarfsins og halda því í nauðsynlegum skorðum. Það má segja að þær þjóni fremur þeim tilgangi að viðhalda stöðugleika í skólastarfinu en að breyta því. Áætlanir sem tengdar eru breytingum og þróunarstarfi í skólum kallast þróunaráætlanir, þær hafa aftur á móti það að markmiði að koma á breytingum á skólastarfinu og festa þær í sessi og verða birtar í starfsáætlun Brimvers/Æskukots.

### Starfsáætlun

Í starfsáætlun Brimvers/Æskukots er fjallað um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald leikskólans, faglegt starf, tölulegar upplýsingar um fjölda og samsetningu barnahópsins og starfsmannahald. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir skipulagningu og áherslum í foreldrasamstarfi og samstarfsaðila s.s. aðra leikskóla og grunnskóla ásamt stoðþjónustu. Einnig er gerð grein fyrir nýjum verkefnum sem leikskólinn hefur ákveðið að vinna t.d. þróunarverkefnum og upplýsingar um innra og ytra mat og umbótaáætlun sem er unnin úr því mati. Starfsáætlun Brimvers/Æskukots er hægt að nálgast á [heimasíðu leikskólans](#).

**Áfallaáætlun leikskóla Árborgar** er leiðarvísir um rétt viðbrögð við slysum eða alvarlegum áföllum sem upp geta komið ([Áfalla- og slysaáætlun](#))

**Jafnréttisstefna fyrir leikskóla Árborgar** er þrjúþætt, þ.e.nær yfir a) nemendur b) foreldra, c) kennara og aðra starfsmenn leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig tekur hún mið að jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Árborgar 2016-2020 ([Jafnréttisstefna fyrir leikskóla Árborgar](#))

**Stefna Árborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi.** Sveitarfélagið Árborg líður ekki einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sínum ([Stefna Árborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi](#)).

### Verndum börn gegn ofbeldi

Mikilvægt er að gera allt sem unnt er til að vernda börn gegn því að verða fyrir ofbeldi. Ofbeldi getur verið líkamlegt, andlegt og kynferðislegt. Refsingar og einelti eru líka ofbeldi. Um líkamlegt ofbeldi er að ræða þegar einstaklingur er meiddur viljandi. Dæmi um andlegt ofbeldi er þegar talað er niður til einhvers eða sett út á orð, athafnir eða útlit. Kynferðislegt ofbeldi getur verið allt frá kynferðislegu- eða klámfengnu tali, myndbirtingum, snertingum og til nauðgunar. Það að búa við ofbeldi á heimili er líka ofbeldi. Starfsfólk leikskólans sækir reglulega námskeið hjá og vinnur eftir verkferlum og leiðsögn [Barnaheilla](#) . Sjá skilgreiningar og verkferla sem stuðst er við:

- [Ofbeldi](#) sjá [verkferil](#) skólans
- [Einelti](#) sjá [verkferil](#) skólans
- [Vanræksla](#) sjá [verkferil](#) skólans

Öllum er skylt að tilkynna grun um ofbeldi gegn barni til barnaverndarnefndar í því [sveitarfélagi](#) sem barnið býr eða í 112 utan dagvinnutíma. Börn geta sjálf tilkynnt um ofbeldi gegn sér til barnaverndar og eiga þau þá að fá stuðning og hjálp.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. [Barnaverndarlaga](#) er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.